



Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2024  
USK24080215

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 11. september 2024 varðandi eftirfarandi mál:

**Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag - Breyting á deiliskipulagi vegna gatnamóta við Katrínartún**

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi reits 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, vegna breytinga á gatnamótum Laugavegs og Katrínartúns. Færsla á skipulagsmörkum að breyttum lóðamörkum Laugavegar 162 eru færð sunnar sem nemur 3 m Komið er fyrir akstursleið í austur frá Ásholti meðfram Laugavegi 162 samhliða sérrými almenningsamgangna, hjóla- og göngustíga, akfærum göngustíg frá Ásholti niður að Laugaveg, breyttri útfærslu gatnamóta Katrínartúns og Laugavegs til samræmis við forhönnun Borgarlínu, uppfærðri útfærslu sérrýmis almenningsamgangna, hjóla- og göngustíga, auknu svigrúmi sérrýmis Borgarlínu sbr. gulan lit í skýringum, og almennt breyttri framsetning lita á uppdrætti til frekari skýringa og samræmis við deiliskipulagsáætlanir Borgarlínu, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdrættir Yrki arkitekta, dags. 5. september 2024. Einnig er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að lóðamarkabreytingu, dags. 5. september 2024. Lóðin verður 8041,8 m eftir skerðingu. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við forhönnun Borgarlínu.

Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum Sjálfstæðisflokks að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
*Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða*  
*Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: deiliskipulags- og skýringaruppdrættir Yrki arkitekta, dags. 5. september 2024 og tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að lóðamarkabreytingu, dags. 5. september 2024.




Reykjavík

# Borgarlína við Laugaveg 162 Tillaga um lóðamarkabreytingu



Mælikvarði 1:500 (A3)




### Skýringar

- Lóðamörk
- // Lóðamörk aflögð
- Lóðamörk ný
- X** Staðfang lóðar
- X.XXX.XXX** Staðgreininúmer
- Lxxxxxx Landeignanúmer
- x m<sup>2</sup> Stærð lóðar
- ~x Bogalengd

### Hnitaskrá



Hnitakerfi Reykjavíkur 1951

Nr.	X-hnit	Y-hnit
330	20990.7730	17625.6790
331	21106.5100	17657.3780
332	21112.7410	17634.6260
333	21109.3460	17571.0465
334	21008.6521	17560.9735
350	21108.0949	17651.5910
351	21104.4089	17653.6921
352	20991.5720	17622.7874



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

- SKÝRINGAR**
- Mörk skipulagssvæðis
  - Skipulagsmörk BREYTT
  - Heiti stöðva
  - Borgarlínustöð
  - Sérými almenningssamgangna
  - Hjólastígur
  - Hjólastígur BREYTT
  - Svigrúm Borgarlínu
  - Borgarland: Gangstéttar, bílastæði & gróður
  - Borgarland BREYTT
  - Uppbrot í yfirborði v. þverunar
  - Uppbrot í yfirborði v. þverunar BREYTT
  - Akbrautir
  - Leiðbeinandi akstursstefna
  - Kvæði um akstur
  - Akfær göngustígur
  - Torgsvæði Hlemms
  - Torgsvæði BREYTT
  - Önnur torgsvæði
  - Blíðstöðvarsvæði
  - Núverandi lóðamörk
  - Lóðamörk BREYTT
  - Sniðlína
  - Núverandi hæðalínur
  - Norðurpíla



Breyting á deiliskipulagi

Hluti gildandi deiliskipulags, staðfest 04.05.2022


**Greinargerð**  
**Aðdragandi og tilgangur breytinga**

Lögmót er fram breyting á deiliskipulagi Hlemms og nágrennis, eða *Deiliskipulag str. 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag*, staðfest við birtingu auglýsingar í B-deld Stjórnartíðinda þann 7. apríl 2020. Þrjár breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu síðasta staðfest 27. ágúst 2024.

Tilgangur breytinganna felst í samræmingu núverandi deiliskipulagsáætlauna við forhönnun Borgarlínu, breytinga á lóðamörkum Laugavegs 162 og breytinga á gatnamótum Laugavegs og Katrínartúns.

Þessi breyting felur í sér eftirfarandi:

- Færsla á skipulagsmörkum að breyttum lóðamörkum Laugavegar 162 sem eru færð sunnar
- Akstursleið í austur frá Ásholti meðfram Laugavegi 162 samhliða sérými almenningssamgangna, hjóla- og göngustíga
- Akfærum göngustíg frá Ásholti niður að Laugaveg
- Breytta útfærslu gatnamóta Katrínartúns og Laugavegs til samræmis við forhönnun Borgarlínu
- Uppfærða útfærslu sérýmis almenningssamgangna, hjóla- og göngustíga
- Aukið svigrúm sérýmis Borgarlínu, sjá gulan lit í skýringum
- Breytta framsetning lita á uppdrætti til frekari skýringa og samræmis við deiliskipulagsáætlanir Borgarlínu



Skýringaruppdráttur - breytt lóðamörk Laugavegar nr. 162

**Breytt skipulagsmörk**

Á suð-austurhorni skipulagssvæðisins, við Laugaveg 162 eru skipulagsmörkin færð sunnar í samræmi við breytt lóðamörk. Lóð Laugavegar 162 skerðist á þann hátt að lóðamörk í norðri eru færð 3 metra í suður. Stækkað skipulagssvæði er m.a. nýtt undir tengingu Ásholts við Laugaveg og bættu aðkomu að Laugavegi 162.

**Breyting á greinargerð**

Áréttað er núverandi horf á aðkomu að aðalinnangi Hvítasunnukirkju Filadelfíu, Hátúni 2, sem er að hluta á borgarlandi. Hægt verður að koma ökutækjum í inngangi vegna útfara og annarra helgiathafna. Gert er ráð fyrir óbreyttu horfi en huga þarf á nánari útfærslu við verkhönnun.

Bætt er við eftirfarandi skilmálum:

- Akfær göngustígur við mörk Ásholts og Laugavegar
- Svigrúm Borgarlínu um svæðið er aukið og tryggt

Akfær göngustígur við mörk Ásholts og Laugavegar

Göngustígur við norðrenda Ásholts skal vera akfær á þann hátt að undirlag og yfirborð skal taka við af burði stærri ökutækja og neyðarbíla. Þessi leið er eingöngu ætluð fyrir akstur neyðarbíla og við tímabundna vörulösun. Þar má leggja þungum ökutækjum við búferlaflutninga (Ásholti nr. 2-42) til skemmi tíma og svo fremi þeir hindri ekki aðgengi neyðarbíla.


Svigrúm Borgarlínu um svæðið

Svigrúm Borgarlínu er skilgreint svæði staðsett milli sérýmis almenningssamgangna og akbrauta beggja vegna. Breidd svigrúms er mismunandi, algengast 3 m en breiðara við stöðvarnar, 4 m. Svæðið má nota á ýmsan máta, svo sem fyrir götugögn, gróður og blágrænar ofanvatnslausnir. Nýting fer eftir breidd svæðanna og staðsetningu.

**Breyting á uppdrætti**

Uppdrætti er breytt með eftirfarandi hætti:

- Skipulagsmörk við Laugaveg eru breikkuð og færð sunnar til samræmis við breytt lóðamörk Laugavegs nr. 162
- Akstursleið frá Ásholti og meðfram Laugavegi 162 er færð inn á skipulagsuppdrátt
- Gatnamót Laugavegar við Katrínartún er breytt til samræmis við forhönnun Borgarlínu
- Bætt er við svigrúm Borgarlínu meðfram sérýmis almenningssamgangna og akbrauta á Laugavegi í samræmi við forhönnun Borgarlínu
- Breytt framsetning lita á uppdrætti til frekari skýringa og til samræmis við deiliskipulagsáætlanir Borgarlínu




Skýringaruppdráttur - aðliggjandi mörk og útfærsla Borgarlínu um Laugaveg

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í


þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.


Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deld Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.




Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040



Breyting á deiliskipulagi, staðfest 14. maí 2021



Breyting á deiliskipulagi, staðfest 4. maí 2022



Breyting á deiliskipulagi, staðfest 27. ágúst 2024

### SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Heiti stöðva
- Borgarlínustöð BREYTT
- Sérými almenningssamgangna BREYTT
- Hjólastígur BREYTT
- Borgarland BREYTT
- Uppbrot í yfirborði v. þverunar
- Akbrautir
- Leiðbeinandi akstursstefna
- Kvöð um akstur
- Aðgengi fyrir vörulösun
- Torgsvæði Hlemms BREYTT
- Önnur torgsvæði
- Núverandi lóðamörk
- Lóðamörk BREYTT
- Núverandi byggingar
- Byggingareitir
- Snjaldreifistöð
- Varðveittur trjágróður
- Vinnusvæði stofnagna
- Stofnlagirnir fráveitu
- Sniðlína
- Núverandi hæðalínur
- Merking byggingareita
- Snjaldreifistöð
- Dreifistöð rafveitu
- Heiti lóðar
- Gólfkóti jarðhæða

